

Mál nr. 3/2010

M

og

vátryggingafélagið V v/ ökutækisins A og vátryggingafélagið T. v/ ökutækisins B

Árekstur á Suðurlandsvegi við Hveradalsbrekku 12. desember 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 7. janúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf ökumanns B til nefndarinnar dags. 17. janúar 2010.
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18. janúar 2010
- 4) Tölvupóstur vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 25. janúar 2010

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðunum A og B var ekið í austurátt um Suðurlandsveg að kvöldi 12. desember sl. í slæmu veðri og litlu skyggni vegna rigningar og roks. Þar kemur einnig fram að M sem ökumaður A kvaðst hafa ekið á hægri akrein, skipt um akrein yfir á þá vinstri til þess að taka vinstri beygju inn á svæði Skíðaskálans í Hveradölum þegar árekstur varð. Ökumaður B kveðst í lögregluskýrslu hafa ekið á vinstri akrein á leið fram úr bílalest sem ók á hægri akrein. Hann kveðst ekki hafa séð hvenær bifreiðinni A var ekið yfir á vinstri akrein en mögulegt að henni hafi verið ekið frá hægri yfir á vinstri akrein í þann mund sem árekstur varð. Í lögregluskýrslu kemur fram að ákoma hafi verið á vinstra afturhorni A og hægri framhorni B. Lögreglu tókst ekki að fá framburð vitnis sem hringdi á Neyðarlínuna vegna árekstursins. M telur í málskoti sínu að lögregluskýrsla sé ekki fullnægjandi heimild um hvað gerðist eða aðstæður á vettvangi og að hann hafi verið á vinstri helming hægri akreinar þegar hann beygði. Ökumaður B lýsir aðstæðum þannig að ökumaður B hafi beygt í veg fyrir hann.

Álit.

Skv. gögnum málsins þykir það hafið yfir vafa að M sem ökumaður A hafi ekið á hægri akrein Suðurlandsvegur til austurs og ætlað að beygja til vinstri inn að Skíðaskálanum í Hveradölum þegar árekstur varð. Einnig telst sannað að ökumaður B hafi ekið á vinstri akrein í sömu akstursátt. Með hliðsjón af framburði ökumanna í lögregluskýrslu og að teknu tilliti til viðbótarskýrslna verður að leggja til grundvallar að M hafi ekið til hliðar og skipt um akrein til þess að taka vinstri beygju. Í 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er að finna vísireglur um akstur í beygjum og við akreinaskipti. Þar kemur fram að ökumenn sem ætla að beygja til vinstri verða að skipta um akrein í tæka tíð og gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig. Við akstur á fjölförnum vegi sem Suðurlandsvegur er og í þeim veðuráðstæðum sem voru þann 12. desember sl. var sérstök ástæða fyrir M að gæta að þessu og telst hann ekki hafa gert það með fullnægjandi hætti og ber alla sök á árekstrinum. Ökumaður B er ekki talinn hafa brotið gegn umferðarreglum með akstri sínum.

Niðurstaða.

Öll sök á A.

Reykjavík 9. febrúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.